

Þinggerð

**51. ársþing Landsambands hestamannafélaga haldið í
Íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellsbæ 27. og 28. október 2000.**

Þingforsetar:

Rafn Jónsson Herði
Pétur Jökull Hákonarson Herði

Ritarar:

Guðni Á. Indriðason Herði – aðalritari
Erna Arnardóttir Herði, Jónas Vigfússon Herði,
Kolbrún Haraldsdóttir Herði, Þóra Sigmundsdóttir Herði.

Annað starfsfólk:

Guðrún Elín Guðlaugsdóttir Herði, Hulda Jónasdóttir Herði,
Ósk Sigurjónsdóttir Herði, Sigríður Rafnsdóttir Herði,
Sigrún Ögmundsdóttir LH og Sólveig Ásgeirsdóttir LH.

Föstudagur 27. október

Formaður LH. Jón Albert Sigurbjörnsson setti þingið kl. 13:00 föstudaginn 27. október og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Hann minntist látinna félaga. Lagði að lokum fram lista yfir starfsfólk þingsins.

Þingforsetar voru kjörnir:

Rafn Jónsson Herði og Pétur Jökull Hákonarson Herði

Ritarar voru kjörnir:

Guðni Á. Indriðason Herði – aðalritari, Erna Arnardóttir Herði, Jónas Vigfússon Herði, Kolbrún Haraldsdóttir Herði og Þóra Sigmundsdóttir Herði.

Ávörp gesta:

Forseti bæjarstjórnar, Þröstur Karlsson flutti ávarp, bauð fundarmenn velkomna í bæinn og óskaði fundarmönnum ánægjulegra þingstarfa.

Ari Teitsson Formaður Bændasamtaka Íslands flutti ávarp og ræddi um samstarf Bændasamtakanna og LH. Ákveðið að stofna hlutafélag um rekstur Landsmóta hestamanna. Samningur þess efnis var undirritaður nú í hádeginu.

Ræddi hann nokkur sameiginleg verkefni eins og Veraldarfeng, beitarálag á landi, umhirðu íslenskra hrossa og gæðaátak um meðferð hrossa. Óskaði hann þinginu farsældar í störfum.

Ellert B. Schram Forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Fjallaði hann um sameiningu LH og HÍS, sem hann taldi mjög farsæla. Ræddi hann um nýstofnaða hestamiðstöð í Skagafirði og Ólympíuleikana í Sydney. Lagði hann áherslu á að með meiri frítíma yrði starfsemi hestamennskunnar og annarra íþróttar æ mikilvægari. Óskaði hann þingmönnum alls góðs.

Félagar heiðraðir:

Jón Albert formaður L.H. heiðraði fjóra félagsmenn gullmerki LH fyrir vel unnin störf í þágu hestamennskunnar í landinu, en nýir heiðursfélagar eru eftirtaldir: Ásgeir Guðmundsson Gusti, Elísabet Þóra Þórólfsdóttir Andvara, Guðmundur Jónsson Herði og Hreinn Ólafsson Herði.

Kjörbréfanefnd skilar álit:

Í kjörbréfanefnd voru Birgir Sigurjónsson Sörla, formaður, Símon Gestsson Svaða og Helga Claessen Fáki.

134 þingfulltrúar höfðu rétt til þingsetu í ár, mættir voru 128.

Birgir Sigurjónsson formaður kjörbréfanefndar lýsti álit kjörbréfanefndar og las upp löglega kjörna fulltrúa:

Andvari	Ágúst Hafsteinsson, Halldór Halldórsson, Hannes Hjartarson, Kristinn Hugason, Oddur Hafsteinsson, Sveinn Gaukur Jónsson, Sveinn Skúlason
Blær	Guðbjartur Hjálmarsson
Dreyri	Einar E. Jóhannesson, Freysteinn Barkarsson, Sigurður Guðni Sigurðsson
Faxi	Baldur Björnsson, Guðrún Fjeldsted, Hallgrímur Sveinsson, Ingimar Sveinsson
Fákur	Snorri Ingason, Bragi Ásgeirsson, Gunnar Maggi Árnason, Helga Claessen, Hjörtur Bergstað, Jóhanna Arngrímsdóttir, Jón Ingi Baldursson, Jónas Kristjánsson, Ragnar Petersen, Sigurbjörn Bárðarson, Sigvaldi Ægisson, Tómas Ragnarsson, Viðar Halldórsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir
Feykir	Halldór Svanur Olgeirsson
Freyfaxi	Bergur Jónsson, Ármann Magnússon
Funi	Ármann Ólafsson, Reynir Björgvinsson
Geisli	Gróa Jóhannsdóttir
Geysir	Fjóla Runólfsdóttir, Helga Fjóla Guðnadóttir, Hermann Einarsson, Lárus Bragason, Jón Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Þorvaldur Ágústsson
Glaður	Brýndís Karlsdóttir, Sigurður Jökulsson
Glæsir	Hreinn Júlíusson

Gnýfari	Ásgrímur Pálmason
Grani	Hrönn Káradóttir
Gustur	Bjarni Sigurðsson, Bjarnleifur Bjarnleifsson, Gróa Jónatansdóttir, Guðmundur Hagalínsson, Jóhanna E. Geirsdóttir, Oddný Jónsdóttir, Þóra Ásgeirsdóttir
Háfeti	Ármann Einarsson
Hending	Marinó Hákonarson
Hornfirðingur	Ingólfur V. Ingvarsson, Ómar Antonsson
Hringur	Stefán Friðgeirsson, Þorsteinn Hólm
Hörður	Eysteinn Leifsson, Berglind Árnadóttir, Einar Ragnarsson, Rúnar Sigurpálsson, Guðný Ívarsdóttir, Hreinn Ólafsson, Marteinn Magnússon, Valdimar Kristinsson
Kinnskaer	Einar Hafliðason
Kópur	Sigurlaugur Gíslason
Léttfeti	Magnús B. Magnússon, Skapti Steinbjörnsson, Sveinn Guðmundsson
Léttir	Áslaug Kristjánsdóttir, Baldvin Ari Guðlaugsson, Birgir Árnason, Reynir Hjartarson, Sigfús Helgason, Stefán Erlingsson
Ljúfur	Halldór Guðmundsson, Sigurveig Helgadóttir
Logi	Guðný Höskuldsdóttir, Kristján Kristjánsson
Máni	Guðrún Guðbjartsdóttir, Jón B. Ólsen, Sigrún Valdimarsdóttir, Sigurður V. Ragnarsson
Neisti	Hjörtur Einarsson, Hörður Ríkharðsson
Sindri	Andrína Erlingsdóttir, Axel Geirsson
Skuggi	Ámundi Sigurðsson, Guðmundur Arason
Sleipnir	Halldór Vilhjálmsson, Ragna Gunnarsdóttir, Margrét Ásgeirsdóttir, Ragnhildur Loftsdóttir, Rut Stefánsdóttir, Sverrir Ágústsson
Smári	Ásgeir Gestsson, Haraldur Sveinsson, Sigfús Guðmundsson, Sigurður Steinþórsson
Snæfaxi	Ragnar M. Sigfússon
Snæfellingur	Hallur Pálsson, Sigrún Ólafsdóttir, Skúli Skúlason
Sóti	Anton Kjartansson, Kjartan Antonsson
Stígandi	Anna Jóhannesdóttir, Elvar Einarsson, Hinrik Már Jónsson
Stormur	Sigþór Gunnarsson
Svaði	Símon Gestsson, Þorvaldur Gestsson
Sörli	Birgir Sigurjónsson, Elsa Magnúsdóttir, Halldóra Hinriksdóttir, Pjetur N. Pjetursson, Sigurður E. Ævarsson, Vilhjálmur Ólafsson
Trausti	Bjarni Þorkelsson, Bjarni Bjarnason
Þjálf	Böðvar Baldursson
Þytur	Guðmundur Sigurðsson, Gunnar Þórarinnsson

Kjör þingnefnda:

Guðmundur Hagalínsson formaður kjörnefndar flutti tillögur nefndarinnar um fulltrúa í þingnefndum.

Keppnisnefnd:

Einar Ragnarsson Herði, formaður, Sigurður Ævarsson Sörla, Viðar Halldórsson Fáki, Halldór Vilhjálmsson Sleipni, Áslaug Kristjánsdóttir Létti, til vara Bjarni Sigurðsson Gusti.

Fjárhagsnefnd:

Bragi Ásgeirsson Fáki, formaður, Anna Jóhannesdóttir Stíganda, Gunnar Þórarinnsson Þyti, Guðrún Guðbjartsdóttir Mána, Ragnar M. Sigfússon Snæfaxes, til vara Ásgrímur Pálmason Gnýfara.

Laganefnd:

Sigurður Steinþórsson Smára, formaður, Einar E. Jóhannesson Dreyra, Jón B. Ólsen Mána, Guðný Höskuldsdóttir Loga, Bergur Jónsson Freyfaxa, til vara Þorvaldur Gestsson Svaða.

Allsherjarnefnd:

Þóra Ásgeirsdóttir Gusti, formaður, Halldór Guðmundsson Ljúfi, Helga Fjóla Guðnadóttir Geysi, Ármann Ólafsson Funa, Halldór Halldórsson Andvara, til vara Sigþór Gunnarsson Stormi.

Fræðslu- og útgáfunefnd:

Oddur Hafsteinsson Andvara, formaður, Skúli Skúlason Snæfellingi, Jónas Kristjánsson Fáki, Sigurður Guðni Sigurðsson Dreyra, Böðvar Baldursson Þjálfar, til vara Stefán Friðgeirsson Hring.

Ferða- og umhverfisnefnd:

Vilhjálmur Ólafsson Sörla, formaður, Haraldur Sveinsson Smára, Rúnar Sigurpálsson Herði, Hrönn Káradóttir Grana, Bryndís Karlsdóttir Glaði, til vara: Þórður Bachmann Skugga.

Æskulýðsnefnd:

Jón Jónsson Geysi, formaður, Guðrún Fjelsted Faxa, Berglind Árnadóttir Herði, Jóhanna E. Geirsdóttir Gusti, Anton Kjartansson Sóta, til vara Ragna Gunnarsdóttir Sleipni.

Skýrsla stjórnar og reikningar:

Jón Albert, formaður LH, flutti skýrslu stjórnar og vísast til hennar.
Sigrún Ólafsdóttir, gjaldkeri LH, fór yfir og útskýrði reikninga LH.

Umræður og afgreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga:

Sveinbjörn Dagfinnsson ræddi um gerð minnisvarðar um Gunnar Bjarnason, en ekki er getið um minnisvarða í ársreikningum nú, né árið áður. Sveinbjörn minntist á bréf LH frá nóvember 1998, þar sem hann var skipaður formaður nefndar til að undirbúa styrktarsjóð og koma með hugmyndir að minnisvarða að Skógarhólum. Lagði nefndin fram tillögur sínar í desember 1998, en fékk ekki samþykki stjórnar LH um þetta mál. Kvartaði hann yfir afskiptaleysi stjórnar LH í málinu, en reistur var minnisvarði á félagssvæði Fáks um Gunnar Bjarnason.

Ingimar Sveinsson gerði athugasemd við dagskrána, en hann taldi lítinn tíma ætlaðan til að ræða málefni LH og einnig að reikningar hafi ekki verið sendir út fyrir þing.

Jónas Kristjánsson gerði athugasemd við framsetningu grafa í framsögu um reikninga LH. Flatarmál þarf að vera sambærilegt og taldi gröfin villandi.

Kristinn Hugason var sammála Jónasi um gröfin. Taldi hann fjármálin ekki í góðum farvegi og vildi ræða um hvað væri verkefni LH og hver væru verkefni félaganna, en hann taldi að félög ættu að taka saman höndum á ákveðnum svæðum um hagsmunamál sín. Þá ræddi hann um uppskeruhátíð, en taldi sjóð frá fyrri árum eiga að dekkja tapið frá í fyrra. Átaksverkefnið taldi hann óeðlilegt og að farið væri af stað með það og búið að ráða verkefnisstjóra, án auglýsingar, sem hann taldi ekki til eftirbreytni.

Reynir Hjartarson þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf miðað við fjárhagsstöðuna. Þá gagnrýndi hann störf aganefndar og flutti eftirfarandi vísu:

Af listfengi fjölluðu um laganna stef
og létu í vammirnar skína
Þeir skröfuðu margt og skrifuðu bréf
og skitu í nytina sína.

Sigrún Ólafsdóttir skýrði reikninga frekar.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson ræddi um minningu Gunnars Bjarnasonar og taldi rétt að gefa sér tíma til að ljúka því máli í sátt og samlyndi.

Þá var skýrsla stjórnar og reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Erindi:

Landgræðslan, gæðastýring í hrossarækt, landvottun. Landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson og landgræðslustjóri Sveinn Runólfsson:

Kristinn Guðnason formaður Félags Hrossabænda flutti ávarp.

Ræddi hann um fagræð í hrossarækt og gæðamál. Útskýrði hann gæðavottaða hrossarækt. Taldi hann einkunnarorðin eiga að vera: Skilvirkt, einfalt, hagkvæmt og umfram allt trúverðugt.

Ari Teitsson formaður Bændasamtaka Íslands útskýrði markmið gæðastýrðs landbúnaðar. Taldi hann gæðastýringuna stefna að öruggari og betri vöru til að tryggja framleiðendum betri afkomu.

Óskaði hann hestamönnum til hamingju með það skref sem nú er verið að stíga.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri sagði frá vottuninni, en 15 aðilar fá nú vottun, 2 þurfa að taka sig á, en 9 bíða úttekta.

Þá afhenti Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra fyrstu búunum vottorð um gæðavottun í hrossarækt.

Óskaði hann hestamönnum til hamingju með þingið. Hann sagði það alltaf vera gaman að vera á meðal hestamanna og óskaði hestamönnum og landbúnaðinum til hamingju með gæðastýringuna og þeim aðilum sem hafa fengið viðurkenningu. Hann hvatti menn til að halda áfram á þessari braut.

Erindi:

Gildi þess að nota lífræn efni frá húsdýraeldi sem áburð og jarðvegsbæti við uppgræðslu. Björn Guðbrandur Jónsson, framkvæmdastjóri “Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs”:

Björn Guðbrandur Jónsson sagði frá starfssemi samtakanna og gildi þess að nota lífræn efni frá húsdýraeldi sem áburð og jarðvegsbæti við uppgræðslu.

Erindi

Er þörf á breytingum á mótahaldi? Valdimar Kristinsson blaðamaður, Helga Fjóla Guðnadóttir formaður Geysis og Sigurbjörn Bárðarson knapi, fluttu erindi.

Valdimar Kristinsson:

Valdimar segir keppni vera manninum nauðsynleg til að bæta kunnáttu sína sem reiðmanns. Þannig öðlist hann meiri þekkingu og hafi meira yndi af hestinum. Einnig er keppnin partur af félagsþörf mannsins.

Valdimar taldi mótahaldið og reiðmennskuna að mörgu leiti í nokkuð góðum farvegi. Hann fór nokkuð yfir upphaf íþróttakeppninnar og þá þróun sem hefur orðið að hans mati, þ.e.a.s. íþróttakeppnin og gæðingakeppnin hafa nálgast hvor aðra. Hann sagði það ekki vera spurninguna hvort þessar keppnir renni saman heldur hvenær og að auki eðlilega þróun. Hann varpaði fram hugmyndum um að skilgreina þann vanda sem rætt er um varðandi mótahald.

Helga Fjóra Guðnadóttir:

Hún talaði um þá þróun sem hefur orðið í ræktun og í fagmennsku knapa. Mótum hefur fjölgað og þau hafa stækkað en á sama tíma hefur verið tekið upp skráningargjald og aðgangseyrir felldur niður og aðsókn áhorfenda minnkað mikið. Einnig eru til bunkar af lögum og reglugerðum og að sama skapi stækkar kærubunkinn. Með þessu öllu eykst krafan um gæði vallanna og um leið kostnaður við mótahald.

Hún sagði æ erfiðara að fá fólk til sjálfboðavinnu og þreyta komin í mótahaldið. Hún vill einfalda mótin með því t.d. að fækka dómurum og fækka verðlaunum (stigahæstu knöpum o.s.f.v.)

Sigurbjörn Bárðarson:

Hann talaði um mikla fjölbreytni í hverskonar afþreyingu í formi útihátíða og móta. Þar er samkeppnin mikil um áhorfendur. Það þurfi að koma á móts við áhorfendur með því að breyta mótahaldinu, t.d. stytta dauðann tíma á mótum, stytta tíma á t.d. feti, koma einkunnum dómara á framfæri með nútíma tækni og þá fer enginn tími í að bíða eftir þeim. Hann taldi kostnað móta borinn uppi af keppendum að mestu leyti.

Umræður:

Hulda Geirsdóttir taldi það lykilatriði að keppnin sé fjölbreytt og sem flestir geti tekið þátt. Varpaði hún upp hugmyndum um nýjar keppnisgreinar og velti fyrir sér þætti reiðmennskunnar. Telur hún grundvallaratriðið liggja í skipulagi móta, þar þurfi að taka á og bæta fagmennskuna.

Valdimar lagði til að málþing verði haldið um mótahald.

Sigurbjörn telur að breyta þurfi vinnubrögðum dómarafélaganna, þjálfra þá betur, fækka dómurum í framhaldi af því og fara eftir reglum um reiðmennsku.

Sigurður Ævarsson Sörla vildi að gerð yrði skoðunarkönnun um breytt fyrirkomulag móta.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson telur umræðuna af hinu góða og nauðsynlega. Vildi hann endurskoða fet, fjölda dómara o.fl.

Gunni Maggi Fáki, taldi reglurnar of flóknar og sífellt verið að breyta þeim. Þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti og horfa til fortíðar.

Ingimar Sveinsson leggur til að málþing verði haldið um málefnið. Hann telur að ekki eigi að sameina gæðingakeppni og íþróttakeppni. Við eigum að hafa forgöngu í mótum keppnisreglna. Kynbótahrossin þurfa, að mati Ingimars, að vera óþarflega mikið tamin og þjálfuð til að hljóta sanngjarnan dóm.

Jónas Kristjánsson telur erfitt að bera hestamenskuna saman við boltaleik. Koma þarf fram hvernig knapa gangi í keppni t.d. með góðum þul til að skapa spennu.

Sigurbjörn Bárðarson telur þul mikilvægan. LH ætti að skipa nefnd til að mennta mótshaldara. Þurfum að koma hestamenskunni til áhorfenda þannig að þeir hafi gaman af.

Rekstur LH fyrstu 8 mánuði 2000 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2001:

Sigrún Ólafsdóttir gjaldkeri LH fór yfir rekstur LH fyrstu 8 mánuði þessa árs og vísast í árshlutareikning. Einnig lagði hún fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2001.

Tillögur til þingsins lagðar fram og vísað til nefnda:

Rafn Jónsson þingforseti iðraðist þess að hafa vegið of harkalega að Kristni Hugasyni vegna ræðutíma hans fyrr um daginn og flutti eftirfarandi vísu:

Seinheppin í sínu orðavali
oss sýndist Rafni bregðast geta.
Að kvarta þó að Kristinn tali
við kunnum ekki hér að meta.

Þingforseti gerði þingfulltrúum grein fyrir fundi sem hann átti með formönnum nefnda og að þeir hefðu komist að samkomulagi um eftirfarandi vísun tillagna til nefnda:

Tillaga á þingskjali nr. 1 Allsherjarnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 2 Fræðslu- og kynningarnefnd og Fjárhagsnefnd.

Tillaga á þingskjali nr. 3 er skipt í tvennt :

3A, liður 1 Kynbótanefnd

3B, liður 2, 3 og 4 Allsherjarnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 4 Fræðslu- og kynningarnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 5 Keppnisnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 6 Keppnisnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 7 Keppnisnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 8 Keppnisnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 9 Ferða- og umhverfisnefnd og Fræðslu- og kynningarnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 10 Allsherjarnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 11	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 12	Fræðslu-og kynningarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 13	Allsherjarnefnd einnig Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 14	Allsherjarn., Keppnisnefnd og Æskulýðsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 15	Ferða-og umhverfisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 16	Keppnisnefnd einnig Æskulýðsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 17	Laganefnd
Tillaga á þingskjali nr. 18	Laganefnd
Tillaga á þingskjali nr. 19	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 20	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 21	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 22	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 23	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 24	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 25	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 26	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 27	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 28	Dregin til baka af Ámunda í Skugga.
Tillaga á þingskjali nr. 29	Ferða-og umhverfisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 30	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 31	Keppnisnefnd einnig Æskulýðsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 32	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 33	Æskulýðsnefnd einnig Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 34	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 35	Fjárhagsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 36	Fjárhagsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 37	Laganefnd
Tillaga á þingskjali nr. 38	Ferða-og umhverfisnefnd

Laugardagur 28. október

Þingforseti Rafn Jónsson, Herði, setti fundinn.

Rafn þakkaði nefndum vinnuna í gær, sem gekk hratt og vel fyrir sig.

Þingforseti lagði til við þingið að forsögumenn mála sem fjallað var um í fleiri en einni nefnd, hafi framsögu en formenn annarra nefnda sem fjölluðu um málið komist að sameiginlegri niðurstöðu.

Rafn lagði til að ræðutími væri takmarkaður við 2 mín. á hvern framsögumann.

Þingið samþykkti samhljóða. Skv. þingsköpum má hver þingfulltrúi ekki taka oftari til máls en þrisvar sinnum. Rafn bað menn að sitja á strák sínum og þæfa ekki mál.

Jón Albert Sigurbjörnsson form. LH ávarpaði þingið og minnti á þingslitafagnað sem halda á í kvöld á þingstað. Jón skoraði á þingfulltrúa að mæta og samgledjast þinghöldurum, Hestamannafélaginu Herði, sem heldur upp á 50 ára afmæli sitt um þessar mundir.

Nefndir skila álit:

Í lok þessarar þinggerðarinnar er að finna öll þingskjöl í númeraröð og þar kemur einnig fram hvernig þau voru afgreidd.

Ferða- og umhverfisnefnd:

Frummælandi: Vilhjálmur Ólafsson, Sörla. Í nefndinni störfuðu 15 manns.

Vilhjálmur óskaði eftir samþykki þingsins fyrir að fá að leggja þingskjal nr. 41 fyrir, en það varð til á þinginu í ferða- og umhverfisnefnd.

Þingið samþykkti.

Þingskjal nr. 9

Tillagan fór líka til fræðslunefndar.

Afgreiðsla: Vilhjálmur mælti fyrir tillögunni, sem fjallar um söfnun GPS staðsetningarpunkta.

Jón Albert tók til máls og sagði frá því að í vor hafi verið sendar fyrirspurnir til allra hestamannafélaga um efnið, en LH fékk engin viðbrögð. Jón Albert sagðist hlynntur málinu, en kvartaði yfir viðbragðsleysi félaganna. Brýndi hann forsvarsmenn félaganna til að vinna sína heimavinnu.

Jónas Kristjánsson, Fáki tók til máls og sagði að í tillögunni er bent á að leitað sé til einstaklinga en ekki félaga, enda sé það auðveldari leið til upplýsingaöflunar.

Þingið samþykkti tillöguna með orðalagsbreytingu, sjá þingskjal nr. 9a.

Pingskjal nr. 15

Afgreiðsla: Vilhjálmur gerði grein fyrir tillögunni og greinargerð, sem fjallar um að úthlutun reiðvegafjár verði alfarið í höndum Vegagerðar ríkisins. Tillagan var felld í nefndinni með 12 atkvæðum gegn einu.

Pingið felldi tillöguna með yfir gnæfandi fjölda atkvæða.

Pingskjal nr. 29a

Vilhjálmur mælti fyrir tillögunni og gerði grein fyrir henni, en hún fjallaði um að gera verklýsingu á byggingu reiðvega.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, í stjórn LH gerði grein fyrir því að LH verði að láta vinna verkið og það sé kostnaðarsamt og beindi þeirri hugleiðingu til þings að tillögunni verði beint til vegagerðarinnar af LH og henni látið eftir að vinna málið.

Pingið samþykkti tillöguna með smá breytingum, sjá þingskjal nr. 29a.

Pingskjal nr. 38

Vilhjálmur mælti fyrir tillögu frá Faxe sem var samþykkt óbreytt í nefndinni. Tillagan fjallaði um að veita fjármagn til að koma upp skiptihólfum og viðhalda reiðleiðum um einkalönd.

Sigfús Helgason, Létti Akureyri og stjórnarmaður LH sagðist ósammála efni tillögunnar. Hann segist ekki sjá að stjórn LH vinni annað á næsta ári en að þessari tillögu ef hún verður samþykkt, því fjárfrek sé hún með afbrigðum. Sigfús lagði til að tillagan yrði felld.

Guðrún Fjeldsteð, Faxe mælti fyrir tillögunni og benti á að fólk í hestaferðalögum um landið fjölgi stöðugt um leið og keppendum fækki. Það væri því nauðsynlegt að hugsa málið út frá þeirri staðreynd.

Kristinn Hugason, Andvara benti á hversu tillagan væri í eðli sínu flókin eignarréttarlega sér. Meginstefna tillögunnar er að færa ábyrgð frá héraði yfir til landssamtakanna, sem hann telur ranga stefnu. Lagði til að hún yrði felld.

Pingið felldi tillöguna með megin þorra atkvæða.

Pingskjal nr.41

Afgreiðsla: Vilhjálmur talaði fyrir tillögunni.

Þóra Ásgeirsdóttir Gusti tók til máls og bar fram svohljóðandi breytingatillögu: 51. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Mosfellsbæ 27. - 28. okt. 2000 skorar á samtök sveitarfélaga í landinu að virða þarfir hestamanna til útivistar.

Kristinn Hugason Andvara tók til máls og vildi hnykkja á tillögunni og benda á að tillaga Þóru væri bragð til að koma felldri tillögu inn á ný. Benti hann á að orðið “útivist” væri hættulegt að nota í þessu sambandi. Þarfir hestamanna til reiðvega eru ekki tryggðar nema skýrar sé að orðið kveðið og haldið í heiðri hefðarréttur þeirra til reiðleiða. Lagði til að orðið “útivist” falli út úr tillögunni og inn komi “reiðvegir” í staðinn.

Vilhjálmur benti á að heima í héröðum þyrfti að fylgjast vel með því sem væri að gerast í skipulagsmálum því að reiðvegir verða að vera teknir til greina þegar við upphafsvinnu við skipulag.

Þóra Ásgeirsdóttur tók aftur til máls og skýrði út tillögu sína, og benti á reginmuninn á henni og felldri tillögu sem fjallaði um að afla fjár, en hennar tillaga fjallar um að beina því formlega til sveitarfélaga bréflega.

Ingimar Sveinsson, Faxe tók til máls. Hann sagði ferðamál hestamanna þýðingamesta mál hestamanna. Sumar reiðleiðir eru orðnar mjög þungfærar vegna fjölda hrossa, sbr t.d. Uxahryggjaleið. Það verður að taka með í reikninginn að mikill ágangur er um landið af stórum hópum hrossa og manna í hestaferðum. Hann segist fylgismaður ferða um landið á hrossum, en umferðapungi á vissum leiðum sé slíkur að bregðast þurfi við því.

Umræðum lauk þar með.

Rafn Jónsson þingforseti bar breytingatillögu Þóru Ásgeirsdóttur undir atkvæði:

Þingið samþykkti breytingatillöguna, sjá þingskjal nr. 41.

Fræðslu- og útgáfunefnd:

Frummælandi: Oddur Hafsteinsson, Andvara. Í nefndinni störfuðu 6 manns.

Oddur óskaði eftir leyfi þingsins til að leggja fyrir tillögu á þingskjali nr. 40 um að lögleiða notkun viðurkenndra reiðhjálma. Þingið samþykkti að taka tillöguna til meðferðar.

Þingskjal nr. 2a

Afgreiðsla: Oddur gerði grein fyrir tillögunni sem einnig var til umfjöllunar í fjárhagsnefnd og mælti fyrir sameiginlegu álitum fjárhagsnefndar og fræðslu- og útgáfunefndar. Tillagan fjallar um heimild til að fullgera tölvuforrit fyrir mótahald í hestaþróttum. Var tillagan lögð fram með þeim breytingum að þingið heimili stjórn að ráðast í þetta verkefni, hafi hún tryggt fjármagn til framkvæmdanna.

Þingið samþykkti samhljóða, sjá þingskjal nr. 2a.

Þingskjal nr. 4a

Afgreiðsla: Oddur gerði grein fyrir smá orðalagsbreytinum sem urðu á tillögunni í meðförum nefndarinnar og tillögunni í heild sinni. Fjallar tillagan um áskorun til LH um að hvetja til aukinnar reiðhjálmanotkunar.

Þingið samþykkti samhljóða.

Þingskjal nr. 12

Afgreiðsla: Oddur gerði grein fyrir tillögunni, sem fjallar um kynningu á reglugerð um aðbúnað hrossa, sem gefin var út af landbúnaðarráðherra.

Þingið samþykkti með meginþorra atkvæða.

Pingskjal nr. 40

Afgreiðsla: Þingið samþykkti í upphafi fundar að taka þessa tillögu til umfjöllunar, um að skora á Alþingi að lögleiða notkun reiðhjálma. Oddur mælti fyrir henni og óskaði eftir samþykki þingsins. Atkvæði féllu þannig að með tillögunni voru 40 en á 44 móti.

Tillagan var felld.

Laganefnd:

Frummælandi: Sigurður Steinþórsson gerði grein fyrir störfum laganefndar. Í nefndinni störfuðu 5 manns. Þrjú mál bárust nefndinni til umfjöllunar.

Pingskjal nr. 17

Afgreiðsla: Sigurður færði rök fyrir því að tillagan yrði felld, en hún fjallar um að í yfirdómnefnd móta verði 2 dómarar. Sigurður sagði að erfitt myndi reynast að manna hóp mótshaldara starfsmönnum með dómara réttindi, sérstaklega hjá smærri félögum og benti hann á að yfirdómari móta er formaður yfirdómnefndar og það sé nægjanlegt.

Þingið felldi tillöguna með meginþorra atkvæða.

Pingskjal nr. 18

Afgreiðsla: Sigurður mælti fyrir álitum laganefndar sem mælir gegn því að samþykkja tillöguna. Fjallar hún um breytingar á agareglum LH, á þá leið að gerfið sé gult spjald fyrir að lítilsvirða mótshald í stað rauðs, eins og nú er.

Þingið felldi tillöguna samhljóða.

Pingskjal nr. 37

Afgreiðsla: Tillagan fjallar um að breyta dómstólakefi LH til samræmis við nýjar reglur ÍSÍ. Sigurður benti á að samþykkt tillögunnar myndi gera dómstólaleiðina auðveldari fyrir kæranda og um leið kærumál skilvirkari en nú er. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingið samþykkti tillöguna.

Kynbótanefnd

Frummælandi: Hjörtur Einarsson, Neista, þakkaði nefndarmönnum gott starf en í nefndinni störfuðu 12 manns. Ágúst Sigurðsson ráðunautur starfaði að hluta til með nefndinni en hún fékk fyrsta hluta úr þingskjali 3 til umfjöllunar, lið 1. Nefndin ræddi reynslu af breyttum dómstiga kynbótahrossa og almenn ánægja kom fram með þær breytingar og einnig á dómnsniðurstöðum frá síðasta sumri. Fjallað var um dóma á fjögurra vetra kynbótahrossum. Nefndin var sáttn við vægi byggingadóma á móti hæfileikadómum og telur að dómssstigin sé á réttri leið.

Efni þingskjals nr. 3, lið 1, er um fækkun kynbótahrossa á landsmótum og var nefndin sammála um að slík fækkun ætti ekki rétt á sér. Vill hún halda þeim fjölda sem mega koma á landsmót því að það sé markmið hjá hverjum hrossaræktanda að koma hrossi á landsmót. Fækkun myndi draga úr metnaði ræktenda. Nefndin beinir því þó til skipulagsaðila og mótshaldara að dreifa álagi á fleiri daga, veðlaunaafhendingar geti verið jafnt og þétt og þeim yrði dreift á fleiri daga. Nefndin samþykkti ályktun til ársþings LH um fækkun í elsta flokki hryssna, þar sem hækka mætti inntökuskilyrði.

Sigfús Helgason Létti tók til máls. Sagði ályktunina torskilda, sérstaklega síðari hluti hennar... “að vega upp á móti fjölgun hrossa beri að skipuleggja betur...”

Hjörtur Einarsson, Neista tók aftur til máls og sagði nefndina ekki vilja takmarka mikið það markmið hrossaræktenda að koma hrossi inn á landsmót. Fjölgun milli móta var um 23 hross síðast. Bæta mætti skipulag móta, en ekki ætti að stefna að fækkun hrossa vegna tímaleysis áhorfenda. Öll góð kynbótahross eiga að koma fram á landsmóti, en sýningahald væri hægt að bæta.

Kristinn Hugason, Andvara tók til máls og benti á skort á skipandi sögn í síðustu málsgrein tillögunnar, það vantaði “skal” inn í tillöguna. Efnislega segir Kristinn að vandinn sé ekki endilega of mörg hross, heldur skipulag. Hann reifaði einkunnaflot sem varð þegar vægi hæfileika og byggingadóma breyttist. Kristinn er ósammála tillögunni eins og hún er lögð fyrir, því hún dragi einn flokk út.

Hreinn Ólafsson, Herði benti á vanda framkvæmdanefnda landsmóta með fjölda hrossa.

Bjarni Þorkelsson, Trausta, sagði nefndarmenn kynbótanefndar hafa verið sammála um að kynbótahrossin væru segull í mótahaldi landsmóta og nauðsynleg til að gera þau áhorfendavænni eins og þingið hefur þegar rætt. Að umræðum loknum var tillagan borin undir atkvæði:

Ályktun kynbótanefndar var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Allsherjarnefnd:

Frummælandi: Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti gerði grein fyrir störfum allsherjarnefndar sem í voru 12 manns.

Þingskjal nr. 1

Afgreiðsla: Þóra kynnti tillöguna og bar undir atkvæði. Fjallar hún um að fresta viljayfirlýsingu frá 49. ársþingi LH um þing annað hvert ár

Þingið samþykkti.

Pingskjal nr. 3 (hluti 2-4)

Afgreiðsla: Þóra gerði grein fyrir ítarlegum umræðum í nefndinni um efnið. Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til millipinganefndar sem skili álit mánuði fyrir næsta ársþing. Fjallar tillagan, hlutar 2, 3 og 4, um fækkun keppnishrossa í A og B flokki, kappreiðum og töltkeppni á landsmótum.

Ingimar Sveinsson, Faxe tók til máls. Þessi tillaga er að hans mati mikið bákn. Hann varar við því að skera niður þátttökurétt hestamannafélaga í hlutfalli af félagatölu. Einnig því að félögin þurfi að halda úrtökumót auk þess sem knapar fari að sækja mót út um allt eins og með kynbótahrossin. Hann telur þetta ganga á réttindi félagsmanna í hestamannafélögum.

Jón Albert Sigurbjörnsson tók til máls. Hann styður þá tillögu að fjalla um málið í millipinganefnd. Hann segir að tillagan sé grundvallarbreyting í skipulagi á félagsstarfi Landssambands hestamannafélaga og menn verði að átta sig á inntaki hennar.

Sigfús Helgason Létti tók til máls og tók undir ótta formanns LH um félagsskerfi hestamanna. Tillöguna segir hann viðamikla sem þurfi mikla og ítarlega skoðun áður en hún kemur til þings LH. Hann benti á að í stað þess að miða við 120 félaga mætti miða við 250 þá fækki sjálfkrafa og svo mætti velja 10 hæst dæmdu hrossin einnig.

Rafn Jónsson þingforseti bar tillögu nefndarinnar um vísun málsins til millipinganefndar fyrir þingið.

Samþykkti samhljóða að vísa til millipinganefndar.

Pingskjal nr. 10

Afgreiðsla: Þóra gerði grein fyrir álit nefndarinnar og lagði til að tillagan yrði felld. Fjallar hún um að jafna flutningskostnað keppnishesta hestamannafélaganna á landsmót.

Sigfús Helgason Létti tók til máls og sagðist sammála tillögu nefndarinnar. Hann vildi benda þeim félögum sem um langan veg þurfa að fara, að í Íþróttabandalagi Akureyrar væri t.d. til ferðasjóður sem styrkti ferðalög hestamanna á mót. Hestamannafélögin séu meðlimir íþróttabandalaga og fullgild í íþróttahreyfingunni og þar sé hægt að leita í sjóði. Hann benti Austfirðingum á að leita til íþróttabandalags í heimahéraði.

Marinó Hákonarson Hendingu tók til máls. Hann sagðist skilja álit nefndarinnar vegna þess hversu flókið væri að koma jöfnunarsjóði upp. Hann sagði að menn hefðu getað búið við svona tillögu þegar ákveðið var að landsmót yrðu haldin fyrir norðan og sunnan til skiptis. Hans félagar þurfa t.d. að fara um 750 km. veg frá Vestfjörðum og á Ísafirði hafi menn ekki í neina sjóði að ganga. Sagði þetta mikið mál þar sem landsmót eru á 2ja ára fresti og kostnaður verulegur. Nefndi sem dæmi að kostnaður hans félags sé um 700 þúsund krónur á 2ja ára fresti.

Pingið felldi tillöguna með þorra atkvæða.

Pingskjal nr. 11a

Afgreiðsla: Þóra lagði til að tillagan yrði samþykkt en hún fjallar um að samræma ákvæði keppnisreglna á milli íþrótta- og gæðingakeppni.

Pingið samþykkti tillöguna með þorra atkvæða.

Pingskjal nr. 13

Afgreiðsla: Þóra Ásgeirsdóttir sagði að keppnisnefnd hefði líka fjallað um þessa tillögu og það er samhljóða niðurstaða beggja nefnda að leggja til að tillagan verði felld. Fjallar hún um að taka upp FIPO reglur í íþróttakeppni á Íslandi.

Pingið felldi tillöguna með megin þorra atkvæða.

Pingskjal nr. 14

Afgreiðsla: Þóra sagði tillöguna hafa einnig verið til umfjöllunar í keppnisnefnd og æskulýðsnefnd. Fjallar tillagan um að hafa sérstakt Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna. Allsherjarnefnd ræddi mikið um tillöguna og meirihluti allsherjarnefndar og æskulýðnefndar leggur til að hún verði felld.

Einar Ragnarsson Herði í keppnisnefnd sagði tillöguna hafa fengið mikla umfjöllun í keppnisnefnd og hafi það verið ofan á að styðja álit dómara- og keppnisnefndar LH, sem leggur það til við þingið að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu að Íslandsmótum verði skipt til reynslu í eitt ár. Keppnisnefnd leggur þá tillögu fram sem þingskjal nr. 14a og að Íslandsmótin þetta tilraunaár verði skipt í mót fullorðinna og ungmenna annars vegar og mót barna og unglinga hins vegar, sjá kafla um afgreiðslu Keppnisnefndar.

Pingið felldi tillöguna á þingskjali nr. 14.

Pingskjal nr. 19

Afgreiðsla: Þóra gerði grein fyrir umræðu í allsherjarnefnd en tillagan fjallar um að hestamannafélögin sækji um dómara fyrir gæðingakeppni fyrir 1. apríl ár hvert til skrifstofu LH. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að tillagan yrði samþykkt, en jafnframt að beina því til LH að þetta myndi ekki leiða til kostnaðarauka fyrir félögin.

Tillagan var samþykkt.

Pingskjal nr. 25

Afgreiðsla: Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt en hún fjallar um það að fella niður ákvæði í reglum LH um Íslandsmót að dómara hafi dæmt saman á árinu.

Pingið samþykkti tillöguna samhljóða.

Pingskjal nr. 34

Afgreiðsla: Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt en hún fjallar um að fresta ákvörðunartöku um landsmótsstað 2004.

Pingið samþykkti tillöguna samhljóða.

Æskulýðsnefnd

Frummælandi Jón Jónsson, Geysi gerði grein fyrir afgreiðslu nefndarinnar. Í nefndinni störfuðu 16 manns.

Álit nefndarinnar:

“Nefndin fagnar þingskjali nr. 4, einnig hvetur nefndin til að LH beiti sér fyrir lagasetningu á Alþingi um skyldunotkun reiðhjálma”.

Álit nefndarinnar var ekki borið undir atkvæði á þinginu.

Þingskjal nr. 33

Afgreiðsla: Jón gerði grein fyrir álit nefndarinnar, en tillagan fjallar um breytta aldursflokkaskiptingu í íþrótta- og gæðingakeppni LH. Það er álit nefndarinnar að mikill munur sé á atgervisþroska keppanda í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum og leggur til að tillagan verði felld.

Tillagan felld.

Keppnisnefnd:

Frummælandi: Einar Ragnarsson, Herði gerði grein fyrir starfi 30 manna keppnisnefndar og skiptum skoðunum sem fram komu í nefndinni. Nefndin fékk mörg mál til afgreiðslu.

Þingskjal nr. 5a

Afgreiðsla: Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt en hún fjallar um ræsingu í Kappreiðareglum LH; ræst er úr rásbásum sé 2,5 m. á hest - í stað 3 m. nú.

Þingið samþykkti samhljóða.

Þingskjal nr. 6

Afgreiðsla: Tillagan fjallar um Kappreiðareglur, ræsingu. Einar lagði til að breytt yrði a. lið í síðustu málsgrein sem veiti ræsi heimild til að vísa hrossi úr keppni ef ekki tekst að stilla hann á 2 mín. C. liður breytist einnig til að gera kappreiðar, styttri, skemmtilegri og áhorfendavænni.

Þingið samþykkti samhljóða.

Gert var matarhlé kl. 12:00-13:00.

Erindi:

E-ferðir

Páll Gíslason kynnti starfsemi E-ferða og möguleika á því að safna saman leiðarlýsingum á netið. Hafa þeir á síðustu mánuðum unnið að opnun heimasíðu um ferðalög innanlands á slóðinni <http://www.ferdir.is>. Óska E-ferðir eftir samvinnu við hestamannafélögin í landinu við að skrá á kerfisbundin hátt, reiðleiðir á Íslandi, lýsa þeim, greina þær og gera þau gögn aðgengileg almenningi á heimasíðunni. Þetta efni mundi síðan mynda hluta af heildargagnagrunni um ferðamöguleika innanlands, bæði hvað varðar leiðarlýsingar og eins GPS hnit.

Keppnisnefnd, framhald:

Þingskjal nr. 14a

Afgreiðsla: Formaður nefndarinnar sagði frá umræðum í nefndinni og áhyggjum af fjárhagsgrundvelli móta með því að skipta Íslandsmóti upp í barna- og unglingamót annarsvegar og ungmenna- og fullorðinsmót hins vegar.

Einar bauðst til þess fyrir hönd Hestamannafélagsins Harðar að halda barna- og unglinga Íslandsmót einu sinni til að reyna þessa leið, ef það mætti verða til þess að liðka fyrir tillögunni.

Þóra Ásgeirsdóttir úr Gusti tók til máls og lýsti yfir álitinu sínu á því að þetta mál væri meðhöndlað undarlega á þinginu. Þóra sagði frá umræðu í allsherjarnefnd sem fjallaði um tillöguna. Hún benti á að foreldrar og börn væru oft saman í hestamennskunni og keppni einnig. Þetta þýddi kostnaðarauka fyrir fjölskyldur og augljóst að mótin myndu alltaf vera haldin um leið og fullorðinsmót annarsstaðar. Þetta skapi hagsmunaaðreksa á ýmsum stöðum, m.a. má nefna að 17-19 ára börn eru ekki á vegum landsins með hestakerrur í eftirdragi. Þetta er meira fjölskyldumál en svo að þetta sé tilbóta. Þóra benti á að Hörður hefði haldið svona mót, sem hún taldi ekki hafa lukkast, þótt Morgunblaðið gerði því skil, sem hún taldi af öðrum orsökum.

Sigurður Ævarsson Sörla Hafnarfirði sagðist samþykka tillögunni, og benti á að um væri að ræða tilraun til eins árs. Skoraði Sigurður á þingheim að samþykkja tillöguna.

Einar Ragnarsson form. keppnisnefndar tók til máls. Leiðrétti Þóru og sagði að Hörður hafi ekki haldið sérstakt barna- og unglingamót í tengslum við Íslandsmót. Hann sagði það skoðun sína að börn og unglingar væru að verða æ meiri hornrekur á Íslandsmótum. Sérstaklega væri augljóst að þulir móta þekktu illa til barna- og unglingaknappa. Einar benti á að tillagan væri um tilraun til eins árs og fram færi mat að þeim tíma loknum.

Vilhjálmur Ólafsson, Sörla og formaður ferða- og samgöngunefndar sagði tillöguna góða og lagði til að hún yrði samþykkt. Hann bauð Sörlasvæðið undir unglingamótið sem haldið yrði til reynslu.

Valdimar Kristinsson, Herði, tók til máls og sagði frá framkvæmd gæðingamóts sem Hestamannafélagið Hörður hélt, aðskilið fyrir börn og unglinga og fullorðna. Þátttaka var góð og mótið tókst vel. Að mati Valdimars komu fleiri að horfa á þetta gæðingamót fyrir yngri flokka en venja var. Um skrif Morgunblaðsins um þetta mót sagði Valdimar að ekki hafi verið mikið annað mótahald í gangi þá sömu helgi, auk þess vakti þessi nýbreytni athygli og Morgunblaðið gerir mótum skil.

Bjarnleifur Bjarnleifsson, Gusti ítrekaði að æskulýðsnefndin leggur til að tillagan verði felld en skorar heldur á LH að aðbúnaðar barna og unglinga sé betri á þeim Íslandsmótum sem haldin eru.

Tillaga nr. 14a var borin undir atkvæði og samþykkt með 51 atkvæði gegn 49 atkvæðum.

Þingið samþykkti tillöguna.

Þingskjal nr. 7

Afgreiðsla: Formaður gerði grein fyrir tillögunni sem fjallar um rafræna ræingu í kappreiðum. Samhljóma niðurstaða keppnisnefndar var að þessari tillögu yrði vísað til millipinganeftdar sem fjallaði eingöngu um þetta málefni. Þar sem ekki liggur ljóst fyrir hvað framkvæmd tillögunnar kostar og hugmyndir manna um 5-600 þúsund krónur þykir mikill kostnaður við rafræna tímatöku.

Þingið samþykkti að vísa málinu til sérstakrar millipinganeftdar.

Þingskjal nr. 8

Afgreiðsla: Einar Ragnarsson gerði grein fyrir tillögunni sem fjallar um breytingu á gæðingakeppnisreglum í þá veru að bæta við; að á þeim mótum þar sem 5 dómara dæma skal felld út hæsta og lægsta einkunn. Lagði nefndin til að tillagan yrði felld en þess í stað samþykki ályktun um að “taka til” í ranni íþrótt- og gæðingadómara. Ályktunin lýtur að endurmenntun og þjálfun dómara og að halda inni einkunnum allra 5 dómara, þegar 5 dómara dæma samtímis. Hann vísaði til skoðunar Sigurðar heitins frá Kirkjubæ, sem lýtur að því að dómara geti dæmt samkvæmt sannfæringu sinni og skoðun og munur á dómum verði alltaf aflvaki umræðna um hæfileika hrossa.

Þingið felldi tillögu í þingskjali 8.

Ályktun keppnisneftdar var borin undir atkvæði.

Þingið samþykkti ályktunina.

Þingskjal nr. 16

Afgreiðsla: Tillagan fjallar um pollaflokk, 10 ára og yngri í íþróttakeppni sem keppa myndi í Tölti, fjórgangi og fimi A. Nefndin leggur til að tillagan verði felld. Enginn hljómgrunnur var í keppnisneftd fyrir tillögunni.

Tillagan var felld.

Pingskjal nr. 20

Afgreiðsla: Tillagan fjallar um að í gæðingakeppni verði, til samræmis við íþróttakeppni, bætt því inn að keppandi skuli ríða skemmstu leið af keppnisvelli þegar hann hefur lokið keppni. Keppnisnefnd leggur til að þessi tillaga um breytingu á gæðingakeppnisreglum verði felld vegna þess að ef hún yrði samþykkt væri B-flokks hestum gerðar stífari reglur en nú eru.

Tillagan var felld að tilmælum Keppnisnefndar.

Pingskjal nr. 21

Afgreiðsla: Tillagan fjallar um breytingu á gæðingakeppnisreglum, um að strika út hæstu og lægstu einkunn, enda sé þess getið í auglýsingu. Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

Þingið felldi tillöguna.

Pingskjal nr. 22, 24, 26 og 27.

Afgreiðsla: Tillögurnar fjalla um mótahald bæði gæðingakeppni og íþróttakeppni. Einar gerði grein fyrir því að fulltrúi Skugga í keppnisnefnd óskaði eftir sérstakri bókun um gerræðisleg vinnubrögð formanns keppnisnefndar í umfjöllun um tillögurnar. Hann leggur til fyrir hönd nefndarinnar að tillögur nr. 22, 24, 26 og 27 verði sendar til milliþinganefndar með það að markmiði að skilja betur á milli gæðinga- og íþróttakeppni og að niðurstöður liggi fyrir 52. landsþing LH.

Pjetur N. Pjetursson Sörla tók undir bókun Ámunda Sigurðssonar Skugga um gerræðisleg vinnubrögð í keppnisnefnd og lagði til að fjallað yrði um hverja tillögu fyrir sig á þinginu.

Þorvaldur Ágústsson, Geysi tók til máls. Hann sagðist aldrei hafa setið annað eins þing og þetta. Ásakaði hann þingfulltrúa um að vera sofandalega og bentu á að mótshaldarar væru að biðja þingið um hjálp við mótahaldið og skoraði á þingið að fjalla um tillögurnar allar. Orð Þorvaldar urðu þó ekki til að fleiri tóku til máls. Þingforseti bar upp tillögu um að vísa málinu til milliþinganefndar, hvert þingskjal fyrir sig.

Pingskjal 22: Þingið samþykkti að vísa til milliþinganefndar.

Pingskjal 24: Þingið samþykkti að vísa til milliþinganefndar.

Pingskjal 26: Þingið samþykkti að vísa til milliþinganefndar.

Pingskjal 27: Þingið samþykkti að vísa til milliþinganefndar.

Pingskjal nr. 23

Afgreiðsla: Tillagan fjallar um að á Íslandsmótum sé mótshöldurum heimilt að hafa lágmarkseinkunnina 5,5 í opnum flokki en það sé ekki skilyrði eins og nú er. Formaður keppnisnefndar þingsins lagði til að málið yrði samþykkt, að tillögu keppnisnefndar LH.

Þingið samþykkti tillöguna með meginþorra atkvæða.

Pingskjal nr. 30

Afgreiðsla: Einar gerði grein fyrir miklum umræðum sem fram fóru í keppnisnefnd um tillöguna en hún fjallar um að vægi hæga töltsins í B-flokki gæðinga verði tvöfalt. Niðurstaða keppnisnefndar var að leggja til við þingið að fella tillöguna og að breyta ekki breytinganna vegna, þar sem farið væri að gera tölti of hátt undir höfði, þrefalt hærra undir höfði en brokki en að auki myndu úrslit fara að líkjast úrslitum í töltkeppni.

Tillagan var felld.

Pingskjal nr. 31

Afgreiðsla: Einar ræddi tillöguna en hún er um að fella út stökk í barnaflokk. Rök á móti því að fella stökk úr keppnisgreinum barna ert að það er þroskandi fyrir börn að ríða stökk. Einar segir nefndina vilja vísa því til dómarnefndar að huga að öryggi barna.

Kristbjörg Eyvindsdóttir Fáki sagði ekki nægjanlegt að dómaraar tækju þetta til umfjöllunar og benti á að hrossakostur barna í dag væri orðinn slíkur að þau væru oft með viljuga stólpagæðinga í höndunum, mun betur ríðandi en áður þegar ákveðið var að láta þau sýna stökk. Hún sagði betra að taka fast á málum áður en slysin gerast. Tekið væri hart á börnum sem sýndu “vægt” stökk í dómum og þau nytu ekki sannmælis.

Jón Jónsson úr æskulýðsnefnd gerði grein fyrir því að nefndin sé á móti því að fella stökk út og hafi felld tillöguna, sem einnig var til umfjöllunar í æskulýðsnefndinni.

Elsa Magnúsdóttir, Sörla benti á tilvik sem hefðu auðveldlega getað endað með skelfingu í flokki barna, m.a. á Suðurlandsmóti í barnaflokki s.l. sumar og annað tilvik í Mosfellsbæ s.l. sumar. Hún benti einnig á að mótsvæði Sörla væri umvafið hrauni og þar þyrfti ekki að spyrja að leikslokum.

Sigurbjörn Bárðarson, Fáki taldi gæta töluverðs misskilnings varðandi stökkið. Það hafi gætt misskilnings meðal þeirra sem þjálfá börnin, að hleypa þyrfti yfir milliferðarstökk. Talaði um að ríða ætti hægt og milliferðarstökk skv núverandi reglum. Frekar ætti að taka á því og kynna mjög vel hvernig á að sýna stökkið meðal dómara og þjálfara barna. Þarna er reginn munur á, að mati Sigurbjörns. Hann telur stökkið gott fyrir börn að því leiti að þau læra að greina á milli rétts stökks og kýrstökks. Mælti fyrir því að stökk yrði ekki felld úr.

Hrönn Káradóttir frá Grana tók til máls og benti á að þingið hafi felld tillögu um nýja flokkaskiptingu barna og unglunga.

Þóra Ásgeirsdóttir tók undir málflutning Sigurbjörns Bárðarsonar og benti á að barn væri alltaf á ábyrgð foreldra sinna.

Þingið felldi tillöguna með yfir gnæfandi meirihluta.

Pingskjal nr. 32

Afgreiðsla: Tillagan fjallar um að gefa sætaröðun að keppni lokinni í úrslitum gæðingakeppni. Einar gerði grein fyrir skilningi keppnisnefndar á jafnræðisreglu, að sætaröðun gæfi ekki rétta mynd af getu hrossanna. Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

Pingið felldi tillögu með yfir gnæfandi meirihluta.

Fjárhagsnefnd:

Frummælandi: Bragi Ásgeirsson Faki, en 12 manns tók þátt í störfum nefndarinnar. Fjárhagsnefnd fékk þrjú mál til umfjöllunar og eitt til umsagnar. Það mál sem afgreitt var af kynningar- og útbreiðslunefnd.

Pingskjal nr. 35a

Tillagan fjallar um að hækka árgjald LH enda hafi það ekki hækkað síðustu sex árin. Bragi gerði grein fyrir þeirri skoðun stjórnar LH að fjáröflun með styrkjum væri erfið og leggur til að eina færa leiðin sé að hækka árgjaldið. Engir nýir tekjupóstar sjáanlegir og ekki um annað að ræða. Nefndinni fannst ekki fýsilegt að fara að skattleggja einstakar greinar innan hestamennskunnar og vísar þar í þingskjal nr. 36 um gjald á hverja skráningu á mótum og vill fremur fara þá leið að hækka árgjaldið sem því munar.

Vilhjálmur Ólafsson, Sörla var á móti hækkun árgjaldsins.

Kristinn Hugason taldi gott að stofna hlutafélag um rekstur landsmóta og þannig verði það aðgreint frá rekstri félagsins. Hann taldi mikla þörf á stefnumótunarvinnu. Að hans mati er aukin gjaldheimta á félögin óhæfa og leggur til óbreytt gjald.

Ómar Antonsson Hornfirðingi sagði þetta gjald ætti í raun að vera 1.600. kr. ef tekið er tillit til verðbólgu o.fl. Búið er að skera mikið niður í rekstri LH og þessi tillaga um hækkun, það eina rétta. Of mikið fé færi í að greiða vexti vegna skulda, því ætti að hækka árgjaldið til að greiða niður skuldir LH. Hinsvegar taldi hann erfitt að setja skatt á skráningar móta. Hann talaði einnig um að árgjöld hestamannafélaga væru mishá og mörg félög þyrftu að hækka sín félagsgjöld.

Sigurður Ragnarsson, Faxe sagði að úttekt á starfsemi LH alltaf vera í skoðun. Ekki er hægt að sjá að það sé hægt að spara meira í rekstri LH. Hann fagnar því að Fjárhagsnefnd hafi tekið ábyggilega á þessum málum. Hann hvatti menn til að samþykkja tillöguna.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Pingskjal nr. 36

Tillagan fjallar um 150,- kr. gjald til LH á hverja skráningu á mótum. Bragi Ásgeirsson lagði til að tillagan yrði felld.

Tillagan borin undir atkvæði og felld með þorra atkvæða.

Fjárhagsáætlun 2001:

Bragi Ásgeirsson taldi áætlunina raunhæfa og lagði til að hún yrði samþykkt.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Kosningar:

A) Formaður og 3 meðstjórnendur.

Guðmundur Hagalínsson tók til máls og sagði það í verkahring kjörnefndar að stinga upp á mönnum.

Tillaga Kjörnefndar um formann er **Jón Albert Sigurbjörnsson.**

Var sú tillaga samþykkt með lófaklappi.

Kosning þriggja meðstjórnenda: Uppstillingarnefnd stingur uppá:

Páli Dagbjartssyni, Sveinbirni Sveinbjörnssyni og Sigurði Ragnarssyni.

Var tillagan samþykkt með lófaklappi.

B) 5 varamenn.

Stungið uppá Oddnýju Jónsdóttur úr Gusti, Ómari Antonssyni úr Hornfirðingi, Sigurði Steinþórssyni úr Smára, Sigurði Ævarssyni úr Sörla og Steinunni Gunnarsdóttur úr Geysi.

Sigurbjörn Bárðarson stakk upp á Einari Ragnarssyni Herði.

Kristján Kristjánsson stakk uppá Guðnýju Höskuldsdóttur Loga.

Dreift atkvæðaseðlum og hlé gert á kosningu varamanna meðan talning fór fram.

C) Kosning skoðunarmanna.

Kosnir áfram með lófaklappi þeir Gísli B. Björnsson og Pjetur N. Pjetursson

D) 3 menn í Dómsból LH og 3 til vara.

Kosnir áfram Brynjar Kvaran Fái, Einar Öder Magnússon Sleipni og Þór Sigþórsson Sörla. Til vara eru: Rúnar Geir Sigurpálsson Herði, Benedikt Þorbjörnsson Fæxa og Einar Örn Grant Létti.

Samþykkt með lófaklappi.

Íslandsmót árið 2001 og 2002:

Bragi Ásgeirsson óskar eftir að Fákur haldi Íslandsmót 2002, í tilefni 70 ára afmælis Fáks.

Samþykkt samhljóða .

Vilhjálmur Ólafsson tók til máls og sagði Sörla tilbúinn til að halda Íslandsmót barna og unglunga 2001

Samþykkt samhljóða.

Marteinn Magnússon formaður Harðar kom því á framfæri við þingforseta að Harðarmenn væru að hugsa alvarlega um Íslandsmót fullorðinna 2001.

Málinu vísað til stjórnar LH.

Unglingabikar LH:

Jón Albert afhenti bikarinn hestamannafélaginu Freyfaxa. Þeir héldu glæsilegt Æskulýðsmót s.l. sumar fyrir allt Austurland.

Ármann Magnússon veitti bikarum viðtöku fyrir hönd Freyfaxa og hvatti öll félögin til að styðja vel við æskulýðsmálin. Þakkaði hann fyrir sig og sitt félag.

Önnur mál:

Eftirfarandi ályktun var borin upp á þinginu:

51. árþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Mosfellsbæ 27. – 28. október 2000, samþykkir að fela stjórn Landssambands hestamannafélaga að ganga til samstarfs við fyrirtækið E-ferðir ehf. um söfnun upplýsinga um reiðleiðir og tengd efni, til birtingar á veraldarvefnum.

Páll Dagbjartsson sagði það gott fyrir stjórnina að vita hug þingsins til þessa máls sem leiðarvísi í áframhaldandi vinnu.

Jónas Kristjánsson tók til máls og taldi hann þetta gott mál, en vildi bæta við: enda sé ekki um einkarétt að ræða og efni sé notendum að kostnaðarlausu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Guðrún Fjeldsted hafði ekki heyrt neitt um útkomu Landsmótsins á þessu þingi og saknaði þess. Sagði hún Borgfirðinga lífga upp á Firmakeppnir hjá sér með að fá dómara sem ekki eru innan hestamennskunnar.

Sigþór Gunnarsson þakkar stjórn fyrir liðin ár. Þeir í Stormi og Hendingu eru alvarlega að skoða að fá að halda LH þing 2001 á Ísafirði (í vestfirsku ölpunum).

Bragi Ásgeirsson spurði hvort metaumsókn Fáks í 150 m. skeiði hafi verið staðfest.

Jón Albert sagði Stjórn LH hafa staðfest metið þann 27.10.2000 sem var slegið 31. ágúst 2000 á Fákskappreiðum í Víðidal af Þormóði Ramma, setnum af Loga Laxdal, á tímanum 13,64 sek.

Ingimar Sveinsson setti út á dagskrá þingsins og vill hafa meiri tíma fyrir umræður um almenn hestamál og minna karp um sömu reglurnar ár eftir ár. Of lítil tengsl séu milli stjórnar LH og hins almenna hestamanns. Taldi hann líka slæmt að þurfa að skera niður umræður vegna erinda sem þó eru mörg hver góð.

Sigurður V. Ragnarsson Mána vakti athygli á nýjum spólum um Landsmótið í sumar, þar sem börn og unglingar fá einungis 2-3 mínútur. Taldi hann þetta ekki hvetjandi fyrir börnin auk þess að þar eru margar rangfærslur. Útbúa þyrfti vinnureglur varðandi upptökur á mótum.

Þóru Ásgeirsdóttur skilst að ekki sé venja að gera grein fyrir Landsmótsuppgjöri á Landsþingum. Uppgjör liggur auk þess ekki fyrir ennþá. Þóra hrósaði störfum stjórnar LH síðasta starfsár.

Hallur Pálsson sagði að Vestlendingar ætluðu að halda Fjórðungsmót 5. - 8.júlí 2001 og bauð alla velkomna á mótið.

Sigfús Helgason benti á að á skrifstofu LH starfa tvær konur, Sigrún og Sólveig, sem vinna mjög gott starf og bað þingheim að klappa fyrir þeim.

Sigurður Ragnarsson sagði það verðugt verkefni stjórnar að endurskoða dagskrá landsþinga. Margir telja að of mikill tími fari í afgreiðslu á keppnisreglum .

Niðurstöður kosningar 5 varamanna birtar:

Sigurður Ævarsson Sörla 97 atkv.

Oddný Jónsdóttir Gusti 96 atkv.

Sigurður Steinþórsson Smára..... 90 atkv.

Einar Ragnarsson Herði 81 atkv.

Ómar Antonsson Hornfirðingi 76 atkv.

Guðný Höskuldsdóttir Loga..... 73 atkv.

Steinunn Gunnarsdóttir Geysi..... 38 atkv.

118 kusu og enginn seðill var auður eða ógildur.

Þingforseti lýsti þau Sigurð Ævarsson Sörla, Oddnýju Jónsdóttur Gusti, Sigurð Steinþórsson Smára, Einar Ragnarsson Herði og Ómar Antonsson Hornfirðingi réttkjörna varamenn í stjórn LH til eins árs.

Jón Albert þakkaði að lokum Herði fyrir vel skipulagt þing og að ánægjulegt hafi verið að vinna með þeim.

Sagði hann það verkefni stjórnar LH að endurskoða dagskrá LH þinga.

Hann þakkaði þingmönnum og starfsmönnum þingsins fyrir þingsetuna.

Að lokum sagði hann þessu 51. landsþingi hestamanna slitið.